

Auglýsing

um

**breyting á reglugjörð fyrir alþýðu- og gagnfræðaskólann í Flensborg
21. júlí 1882.**

Samkvæmt tillögum forstöðunefndar Flensborgarskólans hefir stjórnarráðið staðfest eftirfarandi

Breyting

á reglugjörð fyrir alþýðuskólann og gagnfræðaskólann í Flensborg 21. júlí 1882.

Í stað 6. og 7. greinar, er falla úr gildi, ganga svo hljóðandi greinar í gildi:

6. gr.

Skólaárið telst frá byrjun októbermánaðar ár hvert til aprilmánaðarloka árið þar á eftir.

7. gr.

Próf skal halda þannig:

1. Miðsvetrarpróf í janúarmánuði upp úr nýári.
2. Arspróf í aprilmánuði fyrir lok hvers skólaárs.

Við ársprófið skal í hverri námsgrein vera utanskóla-prófdómari, er forstöðunefnd skólans tilnefnir.

Þetta auglýsist hérmeð.

Í stjórnarráði Íslands, 30. septbr. 1911.

Kristján Jónsson.

Eggert Briem.